

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 24. mars 1988

**um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra****(88/194/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, með hliðsjón af tilskipun ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 85/647/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 5. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í ljósi framfara sem orðið hafa í hemlataekni almennt og einkum í framleiðslu læsivarnarbúnaðar er nú mögulegt að gera það að skyldu að tiltekin þung ökutæki og eftirvagnar séu með slíkum búnaði sem fullnægir forskriftum samsvarandi þeim sem eru í þessari tilskipun með tilliti til aukins umferðaröryggis,

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndar er sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. og X. viðauka tilskipunar 71/320/EBE í samræmi við viðauka þessarar tilskipunar.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB no L 202, 6. 9. 1971, p. 37.<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 380, 31. 12. 1985, bls. 1.

1. Frá og með 1. október 1988 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða hemlabúnað:

— að synja um EBE-gerðarviðurkenningu, útgáfu vottorðs sem kveðið er á um í síðasta undirlíð 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE <sup>(3)</sup> eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, eða

— banna að ökutæki verði tekið í notkun

ef hemlabúnaður þessarar gerðar ökutækis eða þessara ökutækja er í samræmi við ákvæði tilskipunar 71/320/EBE, eins og henni var síðast breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. október 1989:

— skulu aðildarríkin ekki lengur gefa út afrit af vottorðinu sem kveðið er á um í síðasta undirlíð 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE fyrir gerð ökutækis ef hemlabúnaður þess er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 71/320/EBE, eins og henni var síðast breytt með þessari tilskipun.

— skulu aðildarríkin synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis ef hemlabúnaður þess er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 71/320/EBE, eins og henni var síðast breytt með þessari tilskipun.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

3. Frá og með 1. október 1991 getur aðildarríki bannað að ökutæki verði tekið í notkun ef hemlabúnaður þess er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 71/320/EBE, eins og henni var síðast breytt með þessari tilskipun.

*3. gr.*

Fyrir 1. október 1988 skulu aðildarríkin leiða í lög nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. mars 1988.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

COCKFIELD

*varaforseti.*

## VIÐAUKI

**Breytingar á viðaukum tilskipunar 71/320/EBE eins og henni var breytt með tilskipunum 74/132/EBE, 75/524/EBE, 79/489/EBE og 85/647/EBE****I. VIÐAUKI: SKILGREININGAR, KRÖFUR UM SMÍÐI OG UPPSETNINGU**

Á eftir lið 1.17 bætast við eftirfarandi liðir 1.18, 1.19 og 1.20:

„1.18. *Áætlunarbifreið*

Með „áætlunarbifreið“ er átt við ökutæki sem er hannað og útbúið fyrir samgöngur á milli þéttbýlissvæða, sem hafa ekki sérstakt rými ætlað fyrir standandi farþega en getur þó flutt farþega sem standa í ganginum stuttar vegalengdir.

1.19. *Langferðabifreið*

Með „langferðabifreið“ er átt við ökutæki sem er hannað og útbúið fyrir langar ferðir og tryggir sitjandi farþegum þægindi og flytur ekki standandi farþega.

1.20. *Læsivarnarbúnaður*

Sjá X. viðauka, lið 2.1.“

Á eftir lið 2.2.1.21 bætast við eftirfarandi liðir 2.2.1.22 og 2.2.1.23:

„2.2.1.22. Ákveðin vélknúin ökutæki skulu hafa læsivarnarbúnað í samræmi við X. viðauka eins og sýnt er í eftirfarandi töflu:

Ökutæki		Hámarks- massi	Læsivarnar- flokkur
Flokkur	Lýsing		
M <sub>3</sub>	Áætlunarbifreiðar og langferðabifreiðar	> 12 tonn	1
N <sub>3</sub>	Vélknúin ökutæki sem mega draga eftirvagna í flokki O <sub>4</sub>	> 16 tonn	1

2.2.1.23. Ef vélknúin ökutæki önnur en þau sem nefnd eru í lið 2.2.1.22 hér á undan eru með læsivarnarbúnaði skal hann vera í samræmi við kröfur X. viðauka.“

Á eftir lið 2.2.2.12 bætast við eftirfarandi liðir 2.2.2.13 og 2.2.2.14:

„2.2.2.13. Eftirvagnar í flokki O<sub>4</sub> skulu vera með læsivarnarbúnaði í samræmi við X. viðauka.

2.2.2.14. Ef eftirvagnar aðrir en þeir sem nefndir eru í lið 2.2.2.13 hér á undan eru með læsivarnarbúnaði skal hann vera í samræmi við kröfur X. viðauka.“

**X. VIÐAUKI: KRÖFUR SEM GILDA FYRIR PRÓFANIR Á ÖKUTÆKJUM með LÆSIVARNARBÚNAÐI**

Í stað liðar 1.1 komi eftirfarandi:

„1.1. Tilgangur þessa viðauka er að skilgreina nauðsynleg afköst hemlabúnaðar ökutækja með læsivarnarbúnaði. Að auki skulu vélknúin ökutæki sem mega draga eftirvagn og eftirvagnar með lofthelmlakerfi uppfylla kröfur um samræmi, þegar þau eru hlaðin, sem settar eru fram í viðbæti við lið 1.1.4.2 í II. viðauka.“

Í stað liðar 3.2 komi eftirfarandi:

3.2. Ökutæki sem er dregið telst vera með læsivarnarbúnaði samkvæmt 1. lið í viðbætinum við lið 1.1.4.2 í II. viðauka ef a.m.k. tveimur hjólum á gagnstæðri hlið ökutækisins er stjórnað beint með læsivarnarbúnaði og ef öllum viðeigandi kröfum þessa viðauka er fullnægt. Að auki skal a.m.k. einu hjóli á einum framás og einu hjóli (skáhallt á móti) á afturás, þegar um er að ræða eftirvagna, vera stjórnað beint með sjálfstæðum móturum.“